



LANDSSAMTÖK  
LÍFEYRISSJÓÐA

# Þýðing starfsendurhæfingar fyrir lífeyrissjóði

Málþing um starfsendurhæfingu

13. nóvember 2001

Hrafn Magnússon

# Starfsendurhæfing

- Með skipulegri og raunhæfri starfsendurhæfingu, þá sparast verulegir fjármunir hjá sjóðunum, sem gerir lífeyrissjóðina betur í stakk búna til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar í framtíðinni, auk þess sem skilvirk starfsendurhæfing skilar sér beint í betri lífeyrisréttindum og þar með hærri bótafjárhæðum til lífeyrisþega.

# Starfsendurhæfing

- Allt frá stofnun lífeyrissjóðanna hafa greiðslur til þeirra sjóðfélaga sem misst hafa starfsorku sína að fullu eða að hluta, til frambúðar eða tímabundið, skipt lífeyrissjóðina miklu máli, enda eru sjóðirnir hagstæðasta, skilvirkasta og ódýrasta samtrygging launþega vegna ýmissa áfalla svo sem vegna starfsorkutaps.

# Skilyrði örorkulífeyris

- Að sjóðfélaginn hafi orðið fyrir slysi eða sjúkdómi sem skerðir getu hans til að gegna því starfi sem veitti honum aðild að lífeyrissjóðnum
- Að sjóðfélaginn hafi sannanlega orðið fyrir tekjumissi af völdum orkutapsins.

# Skilyrði örorkulífeyris

- Orkutapið sé a.m.k. 50% eða meira og að sjóðfélaginn hafi greitt í lífeyrissjóði í a.m.k. tvö ár.
- Fyrstu þrjú árin skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og veitti honum aðild að sjóðnum.

# Skilyrði örorkulífeyris

- Eftir fyrstu 3 árin skal meta orkutap sjóðfélagans að nýju og þá hvort hann sé vinnufær til almennra starfa á vinnumarkaði.
- Lífeyrissjóður getur gert þá kröfu til lífeyrisþega að hann fari í sjúkráþjálfun eða endurhæfingu og á það bæði við þegar sótt er um örorkulífeyri og við endurmat orkutaps.

# Framreikningur réttinda

- Upphæð örorkulífeyris fer eftir þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér hjá lífeyrissjóðnum, auk þeirra réttinda sem hann hefði að öðrum kosti áunnið sér hjá sjóðnum, ef hann hefði greitt iðgjald til 65 eða 67 ára aldurs.

# Heildarfjárhæðir örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðunum

- 1999 2.637 m.kr.
  - 2000 3.016 m.kr.
  - 2001 3.500 m.kr. (áætlun)
- Fjöldi örorkulífeyrispega hjá sjóðunum er um 7.700 talsins.



# Janus Endurhæfing ehf.

- Tilraunaverkefn sem felur í sér samvinnu lífeyrissjóða, mennta- og heilbrigðiskerfis í starfsendurhæfingu og er markmiðið að einstaklingurinn komist aftur út í atvinnulífið.

# Janus Endurhæfing ehf.

- Nýstárleg tilraun sem skilað hefur frábærum árangri eða 46%.
- Lífeyrissjóðirnir hafa komið að verkefninu með gerð þjónustusamninga.
- Fjárhagslegur stuðningur stjórnvalda mun þó skipta sköpum um framtíð þessa merka starfs hjá Janus.

# Samvinna við sjúkrasjóðina

- Þeim mun fljótar sem gripið er til starfsendurhæfingar þeim mun betra fyrir alla.
- Ekki síst þarf að leita samstarfs við sjúkrasjóði verkalyðsfélaga, því þangað leita launþegar oftast í byrjun langvarandi veikinda og fjarveru frá vinnumarkaði.

# Að lokum.....

- Þetta málþing verði fyrst og fremst minnst fyrir það, að með því hófst formlegt samstarf ýmissa hagsmunaaðila við að koma á samræmdu, skilvirku og skipulögðu starfsendurhæfingaúræðum fyrir alla þá sem þess þurfa.